

Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn allt að 2 stundum um hádegi og 29  
1 stund að kvöldi. 8. marz

#### D. Önnur rafmagnsnotkun.

1. Raforku til suðu til veitingahúsa og gistihúsa og annarra slíkra staða má selja eftir gjaldskrárlið B.
2. Raforku til vinnulagna við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á 90 aura hver kwst.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður hreppsnefnd eftir tillögu rafveitunefndar.
4. Alla aðra rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1, nema rafveitustjórn semji sérstaklega um annað í hvert skipti.

#### 2. gr.

Með auglýsingu þessari er úr gildi felld auglýsing nr. 1 4. jan. 1955, um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Eskifjarðar, nr. 38 20. marz 1951.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 8. marz 1956.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá um Minningarsjóð Daniels Eiríkssonar og 30  
konu hans, Amalíu Geirsdóttur, Súgandafirði, útgefin á venjulegan hátt ad man- 9. marz  
datum af dómsmálaráðherra 9. marz 1956.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Daniels Eiríkssonar og konu hans, Amalíu Geirsdóttur,  
Súgandafirði.

#### 1. gr.

Sjóðurinn nefnist Minningarsjóður Daniels Eiríkssonar og Amalíu Geirsdóttur.

#### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 7 þúsund kr. framlagi frá systkinum Daniels Eiríkssonar, þeim Jóni Eiríkssyni, Kristjáni B. Eiríkssyni, Guðrúnu Eiríkisdóttur, Kristínu Eiríkisdóttur og Eiríki E. F. Guðmundssyni.

#### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að búnaðar- og ræktunarframkvæmdum í Súgandafirði.

#### 4. gr.

Tilgangi sínum er sjóðnum ætlað að ná með því að styrkja áhugamenn um jarðrækt í Súgandafirði, veita viðurkenningu fyrir búnaðarframkvæmdir, styrkja

30 efnilega menn til búnaðarnáms eða rannsókna á sviði búnaðar, einnig til hagnýtra  
9. marz leiðbeininga um ræktun og fegrun sveitarinnar.

## 5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 20 000 — tuttugu þúsund — krónur, má veita úr honum í fyrsta sinn  $\frac{2}{3}$  vaxta hans, en  $\frac{1}{3}$  vaxta leggst við höfuðstólinn. Veita skal úr sjóðnum þriðja hvert ár eftir sömu hlutföllum, þar til sjóðurinn er orðinn 50 þúsund krónur, þá skal veita úr honum þriðja hvert ár  $\frac{3}{4}$  vaxta hans, en  $\frac{1}{4}$  leggjast við höfuðstól.

## 6. gr.

Sjóðurinn tekur á móti gjöfum til minningar um Daniel og Amalíu, enn fremur aðrar gjafir veittar í því augnamiði, að auka ræktunarframkvæmdir í Súgandafirði.

## 7. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Súgírðinga eða annarri tryggri peningastofnun.

## 8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn: formaður búnaðarfélagi í Súgandafirði og tveir menn kjörnir af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps, annar þeirra nákominn ættingi Daniels, og skal hann vera formaður.

## 9. gr.

Endurskoðendur skulu vera tveir, tilnefndir af hreppsnefnd.

31

12. marz

## AUGLÝSING

## um framlengingu ökukennararéttinda.

Með skírskotun til þess að lög og reglugerðir um umferða- og bifreiðamál eru nú í endurskoðun, framlengist hér með, til 31. marz 1957, löggildingar manna til ökukennslu samkvæmt 1. mgr. og 3. mgr. 21. gr. bifreiðalaga og reglugerð nr. 178 frá 13. desember 1948, um kennslu og próf fyrir bifreiðarstjóra, og reglugerð nr. 58 27. marz 1953, um breytingu á þeirri reglugerð, sbr. augl. nr. 45 11. marz 1955.

Í dómsmálaráðuneytinu, 12. marz 1956.

Bjarni Benediktsson.

*Gústav A. Jónasson.*

32

12. marz

## AUGLÝSING

## um eftirlitsgjald af fódurblöndum.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 63 31. maí 1947, um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fódurvörur, hefur ráðuneytið ákveðið, að ákvæði auglýsingar nr. 202 25. okt. 1947, um eftirlitsgjald af fódurblöndum, skuli gilda óbreytt árið 1956.

Atvinnumálaráðuneytið, 12. marz 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

*Þorv. K. Þorsteinsson.*